



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri
Árnesi
804 Selfoss

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 15. maí 2023
Tilv.: FOR23010220/9.1.1

Hjálagður er úrskurður forsætisráðuneytisins nr. 1/2023 í máli FOR23010220, kæra Gísla S. Brynjólfssonar vegna ákvörðunar sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Fyrir hönd ráðherra


Páll Þórhallsson


Guðrún Arna Loftsdóttir

Fylgiskj.: Úrskurður forsætisráðuneytisins frá 15. maí 2023

Árið 2023, hinn 15. maí, er í forsætisráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður

nr. 1/2023 í máli FOR23010220

kæra Gísla S. Brynjólfssonar

vegna ákvörðunar

sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps

I. Kröfur og kæruheimild

Hinn 30. janúar 2023 barst ráðuneytinu kæra frá Dagmar Sigurðardóttur lögmanni f.h. Gísla S. Brynjólfssonar (hér eftir nefndur kærandi) vegna ákvörðunar sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir nefnt kærði) um útleigu á veiðirétti í Fossá og Rauða í Þjórsárdal eftir útboð sveitarfélagsins. Kærandi krefst þess að fá samning við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um veiðirétt í Fossá og Rauða í samræmi við auglýsingu og tilboð hans.

Ákvörðun kærða er kærð til ráðuneytisins á grundvelli lokamásl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

II. Málsvik og málsmeðferð ráðuneytisins

Málavextir eru þeir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur birti á heimasíðu sinni, dags. 21. nóvember 2022, auglýsingu um tilboð í leigu að veiðirétti í Fossá og Rauða í Þjórsárdal. Í veiðiréttinum fælist hagnýting og skylda til að ráðstafa veiði í ánni til almennings. Fram kom að leigutímabilið væri frá árinu 2023 til og með ársins 2026. Um tvö veiðisvæði væri að ræða, annars vegar ofan Hjálparfoss og hins vegar neðan Hjálparfoss. Veiðisvæðin yrðu aðeins leigð út til eins aðila samkvæmt samningi þar um og um veiði í ánni færi eftir lögum um lax og silungsveiði, nr. 61/2006. Tvö tilboð bárust við útboðið samkvæmt auglýsingu, annars vegar frá kæranda og hins vegar frá Flyfishing in Iceland ehf., og eitt frávikstilboð. Eftir samanburð á tilboðum var það niðurstaða sveitarfélagsins að taka tilboði Flyfishing in Iceland ehf., svo sem tilkynnt var um þann 19. janúar 2023. Forsætisráðuneytinu hefur ekki borist undirritaður samningur milli leyfisveitanda og leyfishafa til samþykktar í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Það er mat kæranda að val sveitarstjórnar á tilboði hafi verið ólöglegt, sveitarfélaginu hafi ekki verið heimilt að taka tilboði sem hafi verið verðtryggt þar sem það hafi brotið gegn meginreglum um gagnsæi og jafnræði. Hér sé um samninga að ræða sem eru til lengri tíma en eins árs og því er skilyrði um samþykki ráðherra samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og ráðherra hafi úrskurðarvald um ágreining þennan samkvæmt sömu grein laganna.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins um efni kærunnar og bárust þær athugasemdir 13. febrúar 2023. Veitti ráðuneytið kæranda tækifæri til að koma að frekari sjónarmiðum í málinu og bárust þau 24. febrúar 2023. Loks veitti ráðuneytið sveitarfélaginu tækifæri til að bregðast við frekari sjónarmiðum kæranda og bárust þær athugasemdir 28. mars. 2023.

Óþarft er að rekja frekar það sem fram kemur í gögnum málsins með vísan til 31. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðuneytið hefur haft hliðsjón af öllum gögnum málsins við úrlausn þess.

III. Niðurstaða ráðuneytisins

Um kæruehimild vísar kærandi til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Þar segir að rísi ágreiningur um veitingu leyfa sveitarstjórnar skeri ráðherra úr honum. Samkvæmt 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6 frá 31. janúar 2022, fer forsætisráðuneytið með málefni sem varða þjóðlendur.

Til umfjöllunar er ákvörðun kærða um útleigu á veiðirétti í Fossá og Rauða í kjölfar útboðs sveitarfélagsins sem kærandi tók þátt í. Krefst kærandi þess að fá samning við kærða um veiðirétt í Fossá og Rauða í samræmi við auglýsingu og tilboð hans.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 eru engum heimil afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig nema að fengnu leyfi og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti. Er leyfisveitingarvaldinu samkvæmt 3. gr. skipt á milli sveitarstjórna annars vegar og forsætisráðuneytisins hins vegar. Samkvæmt 1. másl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki ráðherra, sbr. 2. másl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Úrskurðarvald ráðherra samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 á einungis við ef ágreiningur rís um leyfisveitingu sveitarfélaga sem er til skemmri tíma en eins árs. Í þessu máli er um að ræða veitingu leyfis sveitarfélags fyrir veiðirétti til þriggja ára innan þjóðlendu. Er því ljóst að ekki liggur fyrir kæránleg ákvörðun í máli þessu og verður kærinni því vísað frá ráðuneytinu.

Eðli málsins samkvæmt reynir því ekki á úrskurðarvald ráðherra í þeim tilvikum þegar ráðstöfun lands og landsréttinda er háð samþykki ráðherra, enda felst í samþykktarhlutverki forsætisráðuneytisins könnun á því hvort fyrirhuguð leyfisveiting sveitarstjórnar sé í samræmi við lög og reglur, bæði að formi og efni. Þetta á t.d. við um að gætt hafi verið réttra reglna við undirbúning ákvörðunar um hver eigi að fá réttindin. Þá þarf ráðherra að gæta þess að ráðstöfun og meðferð þeirra réttinda sem verið er að heimila uppfylli þær kröfur sem fram koma í lögum, t.d. um umgengni og frágang, og sé í samræmi við þá stefnumörkun sem Alþingi og stjórnvöld hafa mótað á grundvelli laga um þau réttindi sem í hlut eiga.


Úrskurðarorð:

Kæru þessari er vísað frá ráðuneytinu.

Fyrir hönd ráðherra



Páll Þórhallsson



Guðrún Arna Loftsdóttir